



**Ávarp
forseta Íslands
Guðn Th. Jóhannessonar
á
málþingi um
J. P. Charcot
17. september 2016**

Ágætu málþingsgestir,

Pourquoi-Pas? Við minnumst á þessu málþingi afdrifa þessa skips og þeirra sem með því fórust undan Mýrum í Borgarfirði fyrir réttum 80 árum. Nafnið sjálfvort veur hugrenningar um duttlunga örlaganna. Í sagnaarfi okkar Íslendinga má finna mörg dæmi um mátt þeirra. „Eigi má sköpum renna,“ segir í *Harðar sögu og Hólmverja*, „Það mun verða fram að koma sem ætlað er,“ í Njálu.

Árið 1921 sigldi *Pourquoi Pas?* í fyrsta sinn um norðurhöf. „Í þröngum forlagafjötrum fæðumst við öll,“ kvað Davíð Stefánsson ári síðar. Ekki skal því haldið fram hér að við Íslendingar höfum ætíð verið þrælar þess sem verða vill og séum það jafnvel enn. Fornögur okkar geyma líka vitnisburð um frjálsan vilja fólks og þegar vel er að gáð minnir saga *Pourquoi-Pas?* okkur á mátt mannsandans og frelsi í víðum heimi. „Ekkert er útilokað, allt getur mögulega gerst,“ kvað Megas og eru það orð að sönnu. Saga *Pourquoi-Pas?* minnir okkur jafnframt á óþrjótandi möguleika okkar til að móta umhverfi okkar og framtíð. Leiðangursstjórinn Jean-Baptiste Charcot og áhöfn hans voru stöðugt spyrjandi, stöðugt í leit að nýjum upplýsingum, nýrri vitneskju, nýjum svörum.

Þeirri leit lauk í fárviðri á Faxaflóa 16. september 1936 en eftir lifa afrek og minningar. Að þessu málþingi standa franska sendiráðið á Íslandi, Háskóli Íslands og Vináttufélag Charcots og *Pourquoi-Pas?* í samstarfi við afkomendur Charcots. Með þinginu heiðrum við minningu þeirra 40 sem létu lífið með *Pourquoi-Pas?* Við minnumst einnig hetjudáðar Eugène Gonidec, eina skipverjans sem komst lífs af við illan leik.

Við höldum jafnframt í heiðri störf áhafnarinnar, hugsjónir þeirra og vísindaleg vinnubrögð. Því miður gætir þess um okkar daga að vísindi og sérfræðipækking eigi undir högg að sækja. Efast er um kennivald og niðurstöður fræðimanna. Vissulega er efahyggja nauðsynleg í öllu fræða- og vísindastarfi og fræðafólk verður að varast að setja sig á háan hest, telja sig vera handhafa hins eina sannleika. En vísindaleg vinnubrögð verður samt að lofa og virða, einlæga þekkingarleit í góðri trú og rannsóknir sem gagnast mannkyni öllu og náttúru.

Tæpri öld áður en *Pourquoi-Pas?* sigldi seglum þöndum síðasta sinni undir leiðsögn Charcots orti Jónas Hallgrímsson til annars fransks Íslandsvinar. „Við vitum glöggt að anntu okkur, frakkneskur maður frjálsri þjóð,“ segir í kvæði Jónasar, „Til herra Páls Gaimard“ sem flutt var í samsæti til heiðurs honum í Kaupmannahöfn 18. janúar 1839. Og áfram kvað skáldið:

Vísindin efla alla dáð,
orkuna styrkja, viljann hvessa,
vonina glæða, hugann hressa,
farsældum vefja lýð og láð.

Vel var við hæfi á sínum tíma að fyrsta lína þessa erindis yrði að einkunnarorðum Háskóla Íslands. Vísindin efla svo sannarlega alla dáð. Það sýndu í verki Charcot og hans menn. Minnumst þeirra og þeirra góðu verka. Með þessum orðum set ég þetta málþing um Jean-Baptiste Charcot, heimskautarannsóknir hans og gildi þeirra í samtímanum.